

# 1. stjórnarfundur Hornfirðings, 9. desember 2014.

## Haldinn í Miðbæ kl. 20:00

Mætt eru: Pálmi Guðmundsson (PAL), Lena Hrönn Marteinsdóttir (LHM), Gunnar Bragi Þorsteinsson (GBÞ), Páll Guðmundsson (PG) og Janine Arens (JA). Inga Stumpf (IS), tilkynnti forföll.

### 1. Fundargerð aðalfundar dags. 30. nóvember lögð fram og samþykkt.

### 2. Tilhögun stjórnarfundu

Ákveðið var að birta fundargerðir stjórnar á heimasíðu félagsins eftir að þær hafa verið samþykktar af stjórn.

### 3. Vinnureglur starfsnefnda

PG lagði fram til kynningar drög að vinnureglum starfsnefnda Hornfirðings fyrir starfsárið 2014-2015. Samþykkt að a.m.k einn stjórnarmaður sæti í hverri starfsnefnd á vegum hestamannafélagsins. Ákveðið var kynna vinnureglur starfsnefnda á Facebook síðu félagsmanna Hornfirðings og óska eftir tilnefningum eða framboðum í starfsnefndirnar.

### 4. Reiðhöll - framkvæmdafé frá sveitarfélaginu

Samkvæmt fundargerð hjá Sveitarfélaginu virðist vera búið að samþykkja, 2. millj. í framkvæmdafé fyrir reiðhöllina á árinu 2015. Áhugi er fyrir því að nýta þessa fjármuni til þess að steypa plötu undir áhorfendasvæði, ganga frá hlífðarvegg og handriði milli vallar og áhorfendastúku. Einnig er stefnt að því að setja upp mótora á rennihurðir í reiðhöll, flasningar, þakrennur, lýsingu utanhúss ofl.

### 5. Gjaldskrá reiðhalla, starfsárið 2014-2015.

Umræða var um að einfalda og breyta gjaldskrá fyrir aðgang að reiðhöll Hornfirðings fyrir næsta starfsár. Ákveðið var að kynna sér hvernig þetta er hjá öðrum hestamannafélögum fyrir næsta stjórnarfund. Stjórnarmenn voru almennt á því að lækka bæri gjaldið. Einnig þarf að ákveða gjaldskrá fyrir útleigu á reiðhöllinni fyrir einkatíma, námskeið og aðra notkun.

### 6. Ný heimasíða Hornfirðings - kynning

PAL kynnti nýja heimasíðu Hornfirðings sem er ennþá í vinnslu og Inga á Dynjanda (IS) hefur unnið að fyrir félagið. Ákveðið var að sækja um lénið [www.hornfirðingur.is](http://www.hornfirðingur.is) en árgjald fyrir lénið er kr. 7.000,-

## 7. Önnur mál.

JA, vildi fá Ómar Inga til að vera með reiðnámskeið, einu sinni í viku, og byrja í janúar. Stjórnarmenn voru sammála þessu og fólu JA, að ræða frekar við Ómar Inga um framkvæmdina og eðlilegast væri að þessi námskeið væru auglýst á vegum Hornfirðings. Einnig kom JA inn á nauðsyn þess að hafa flokkaskiptingu í keppni hjá Hornfirðingi, þannig að minna vanir og meira vanir kepptu í sitt hvorum flokki. Atvinnumenn væru einungis í opnum flokki og áhugamenn í öðrum flokki. Einnig fór fram umræða um ýmsar eignir félagsins, s.s. lóðir, girðingar ofl. og nauðsyn þess að skerpa á reglum um leigu og umgengni á þessum eignum. Ákveðið var að safna saman, samningum, teikningum og öðrum gögnum til að stjórnin hafi yfirsýn yfir þessa hagsmuni fyrir félagið. Ýmiss önnur mál bar á góma eins og málefni Stekkhóls, mikilvægi þess að nýta aðstöðuna þar betur fyrir félagsstarfið.

*Fleira ekki fært til bókar.*

*Fundarritari: Pálmi Guðmundsson*